

## REGLUR

### um verðtryggða innlánsreikninga við Viðlagasjóð.

Þeim, sem fengið hafa bætur eða rétt eiga til bóta úr Viðlagasjóði vegna íbúð-  
arhúsnæðis, sem eyðilagðist eða varð óíbúðarhæft í Heimaeyjargosinu, og ætla að  
koma sér upp íbúðarhúsnæði á ný í Vestmannaeyjum, gefst kostur á að láta bætur  
sinar standa inni á reikningum á vegum Viðlagasjóðs með eftirfarandi skilmálum  
og kjörum:

- I. Innstæður á reikningum þessum að viðbættum vöxtum, sbr. lið II, skulu vísi-  
tölutryggðar á grundvelli breytinga á byggingarvísitölu, nú skv. lögum nr.  
25 frá 24. apríl 1957, frá því féð er lagt inn þar til það er hafið.
- II. Í vexti af verðtryggðum reikningi skal greiða sömu vexti og reiknaðir eru af  
sparisjóðsávisanareikningum, nú 4% á ári. Vextir leggjast við höfuðstól ár-  
lega hinn 1. október ár hvert, en greiðast ekki út fyrr en innstæðan er öll hafin.
- III. Þeim, sem fengið hafa bætur og þegar hafið þær, skal gefinn kostur á að leggja  
allt bótaféð inn á reikninginn, enda sé það gert fyrir 1. maí n. k.
- IV. Ógreiddar bætur séu frá og með 1. apríl og 1. júlí (3. og 4. áfangagreiðslur),  
greiddar beint inn á verðtryggðan reikning, skv. ávisan bótaþega.
- V. Óframseljanleg innlánskvittun skal gefin út til reikningshafa, en reglur þess-  
ar verða fylgiskjal hennar.
- VI. Skráð vísitala við hverja innborgun telst grunnvísitala samsvarandi fjárhæðar,  
og skráð vísitala, þegar féð er hafið, telst viðmiðunarvísitala þegar vísitölu-  
bætur eru fundnar.
- VII. Það eru forsendur verðtryggingar, að bótaþegi lýsi því yfir við stofnun reikn-  
ingsins, að hann ætli sér að koma upp íbúðarhúsnæði í Vestmannaeyjum,  
þegar aðstæður leyfa eða láta gera við óíbúðarhæft húsnæði, sem er svo  
skemmt, að það geti fallið undir skilmála reglna þessara að mati stjórnar  
Viðlagasjóðs. Honum skal þá gerð grein fyrir því, að forsenda verðtryggingar  
fellur niður um leið og viðkomandi íbúðarhúsnæði er fokhelt sé það nýtt eða  
endurreist, ella íbúðarhæft sé um endurbyggt húsnæðis að ræða. Hámarks-  
gildistími verðtryggingar vegna endurbyggðs húsnæðis er lengst til 1. október  
1975. Að þeim tíma liðnum fellur verðtrygging sjálfkrafa niður og eiga þá við  
ákvæði 2. málslíðs XI. liðs reglna þessara.
- VIII. Lágmarksbindingstími verðtryggðrar innstæðu, sem fjárfest verður í Vestmanna-  
eyjum, er eitt ár talið frá 1. október s. l. Féð skal þó ekki greitt út fyrr en  
fyrir liggur vottorð fulltrúa tilnefndum af Viðlagasjóði um, að hlutaðeigandi  
húsnæði sé fokhelt eða það íbúðarhæft sbr. VII. lið. Tekið skal fram í vott-  
orðinu, nákvæmlega, hvenær viðkomandi íbúðarhúsnæði var fokhelt eða íbúð-  
arhæft, sjá aftur VII. lið.
- IX. Öll innstæða á reikningi með verðbótum og vöxtum skal hafin og reikningi  
lokað skv. ákvæði XI. liðs, þegar öllum skilyrðum verðtryggingar skv. regl-  
um þessum hefur verið fullnægt.
- X. Reikningseiganda er heimilt að hefja fé á reikningi, þegar hann kýs, ef hann  
hættir við að fjárfesta fénu í Vestmannaeyjum eins og að ofan getur. Verður

hann þá að hefja alla innstæðuna og fær þá greidda þá vexti af henni, sem reiknaðir eru af almennum sparisjóðsbókum hverju sinni, en verðtrygging fellur niður.

- XI. Reikningar við Viðlagasjóð, skv. reglum þessum, geta lengst verið til fimm ára talið frá 1. október 1973, sbr. þó lokaákvæði VII. liðs. Að þeim tína liðnum, er Viðlagasjóði eða þeim er hann hefur falið að annast afgreiðslu reikninganna, heimilt að leggja alla innstæðuna inn á bankabók á nafni reikningseiganda og loka reikningnum, hefji eigandi ekki sjálfur innstæðuna.
- XII. Verðtryggðar innstæður á reikningum, sem stofnað verður til skv. reglum þessum, með mótvirði þeirra ríkisskuldabréfa, sem gefin kunna að verða út skv. lögum nr. 11 frá 29. mars 1974, að meðtöldum vöxtum og verðbótum af þeim, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga 68/1971.
- XIII. Afgreiðsla fyrir reikningana verður bæði í Reykjavík og Vestmannaeyjum, skv. ákvörðun stjórnar sjóðsins.
- XIV. Allt andvirði verðtryggðra reikninga færast á reikning í nafni ríkissjóðs vegna Viðlagasjóðs við Seðlabankann og verður mótvægi skulda sjóðsins við bankann. Á móti fær Viðlagasjóður skuldabréf ríkissjóðs, sem gefið verður út á grundvelli laga nr. 11 frá 29. mars 1974.
- Vextir og vísitölubætur færast á vaxtabúskap ríkissjóðs.
- XV. Bókhald um verðtryggða reikninga færast hjá Seðlabankanum.
- XVI. Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. gr. laga nr. 11 frá 29. mars 1974, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 1. apríl 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

## **REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970 um söluskatt.**

### **1. gr.**

1. mgr. 7. li. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gistihúsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrtistofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum og hvers konar skemmtistarfsemi, og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

### **2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 10/1960, sbr. II. kafla laga nr. 10/1974, öðlast gildi hinn 1. júní 1974.

*Fjármálaráðuneytið, 10. maí 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Höskuldur Jónsson.*